

J A F N R É T T I S N E F N D N E S K A U P S T A Ð A R

23. fundur.

Ár 1983, fimmtudaginn 27. janúar er haldinn 21. fundur í Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar í Sjómannastofunni.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum s.l. voru eftirtaldir aðilar kosnir í jafnréttisnefnd Neskaupstaðar:

Af A-lista: Gerður G. Óskarsdóttir
Sigurbergur Kristjánsson
Elísabet Karlsdóttir

Af B-lista: Anna Björnsdóttir
Stella Steinþórsdóttir

Til vara:

Af A-lista: Ragnhildur Hjálmarsdóttir
Guðmundur Sigurjónsson

Af B-lista: Þóra V. Jónsdóttir
Sigurbjörg Eiríksdóttir

Á þennan fyrsta fund ofangreindrar nefndar mættu:

Gerður G. Óskarsdóttir, Sigurbergur Kristjánsson, Anna Björnsdóttir, Stella Steinþórsdóttir og Ragnhildur Hjálmarsdóttir.

Tekið fyrir:

1) Kosning formanns, varaformanns og ritara. Kosningu hlutu: formaður var kosin Gerður G. Óskarsdóttir, varaformaður Stella Steinþórsdóttir og ritari Elísabet Karlsdóttir.

2) Bréf hefur borist frá Jafnréttisráði Íslands þar sem boðað er til fundar ráðsins með formönnum jafnréttisnefnda úti um landið. Fundurinn verður haldinn í Reykjavík í lok febrúar eða byrjun mars og verður efni hans jafnrétti og menntamál. Bréfi þessu fylgdi annað bréf þar sem lagðar eru fram ýmsar tillögur um verkefni fyrir jafnréttisnefndir.

3) Starfsemi Jafnréttisnefndar Neskaupstaðar á árinu 1983. Nefndarmenn hafa áhuga á að standa fyrir einhverri starfsemi á árinu til að minna á ýmsa þætti í frelsisbaráttu kvenna og draga fram nýjar upplýsingar (t.d. með könnun).

Ýmsar hugmyndir voru ræddar, bæði úr bréfi Jafnréttisráðs og aðrar.

Nefndarmenn hafa áhuga á að hrinda eftirfarandi hugmyndum í framkvæmd:

- a) Taka þátt í fundi Jafnréttisráðs um menntamál.
- b) Standa fyrir einum eða tveim opnum fundum. Yrði annar fundurinn um kvennamenningu og fyrirlesari fenginn til að reifa málið. Hinn fundurinn gæti orðið um áhrif tæknivæðingar og tölubyltingar á störf sem nú eru mestmegnis unnin af konum (t.d.

Kostnaður við slíka fundi yrði ferðakostnaður vegna fyrirlesara. Hugsanlegt er að hafa samstarf við Jafnréttisnefnd Egilsstaða og deila þar með kostnaði. Til greina kemur að annar fundurinn yrði haldinn í vor og hinn með haustinu.

- c) Skoðanakönnun. Eftir góða reynslu af hinni umfangsmiklu skoðanakönnun sem nefndin var aðili að 1977, hafa nefndarmenn áhuga á könnun að einhverju tagi en þó miklu mun umfangsminni. Hugmynd kom fram um að gera úrtakskönnun á hugmyndum unglunga um framtíðarstörf og möguleika þeirra í atvinnulífinu.
- 4) Fjármál nefndarinnar. Samþykkt að leggja ofangreindar hugmyndir fyrir bæjarstjórn sem grundvöll að hlut nefndarinnar í fjárhagsáætlun ársins. Drög að kostnaðaráætlun vegna þessara þátta fylgja því þessari fundargerð.
- Í þessu sambandi vill nefndin þó taka fram að eigi að verða af þátttöku í nefndum fundi Jafnréttisráðs, þyrfti e.t.v. að koma til ákvörðun fyrir lokaafgreiðslu fjárhagsáætlunar (einkum ef fundurinn verður haldinn í lok febrúar).

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Undirskriftir fundarmanna.

D R Ö G

28.9.83

að kostnaðaráætlun v/1983

(Tölur miðaðar við núgildandi verðlag).

- | | |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------|
| 1) Þátttaka í ráðstefnu jafnréttisráðs: | |
| flugfar: | 2.436.- |
| áætlunarbíll: | 400.- |
| dagpeningar í þrjá daga: | 2.190.- |
| 2) Opnir fundir: | |
| a) hálf flugfargjald: | 1.218.- |
| áætlunarbíll: | 400.- |
| b) flugfargjald: | 2.436.- |
| áætlunarbíll: | 400.- |
| Leiga á fundarsal Egilsbúðar | 250.- |
| " " " | 250.- |
| 3) <u>Skoðanakönnun um hugun</u> glunga til framtíðarstarfa og náms | |
| Notaður "The Occupational Aspiration Scale" eftir L.Otto, A.Haller og R.Meyer. Notkunarleyfi og úrvinnsla | 10.000.- |
| 4) Fimm fundir nefndarinnar | 5.250.- |

Alls: 25.230.-